

Fellsmörk – skipulagsmál

2022-2023

Skipulagsmál Fellsmerkur



Hér er fjallað um skipulagsmál sem tengjast Fellsmörk.

Frá vetrinum 2021-2023 hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur unnið að nýju deiliskipulagi fyrir Fellsmörk og voru fyrstu drög skipulagsins kynnt á aðalfundi FLÁF í maí 2022.

Ofan í þá vinnu kom endurnýjun aðalskipulags Mýrdalshrepps sem var í kynningarferli veturinn 2022-2023.

Gert er ráð fyrir að þegar aðalskipulag hafi sé frágengið, muni Skógræktarfélag Reykjavíkur ganga frá Deiliskipulagi Fellsmerkur til sveitarfélagsins. Það verður væntanlega um sumar eða haust 2023.

Hér er umfjöllun um skipulagsmál eins og þau voru kynnt á aðalfundi FLÁF, 16. maí 2022. Þessi kynning er lítillega uppfærð eftir aðalfundinn sem var 16. maí 2023.

Aðalskipulag sveitarfélgsins

Aðalskipulag Mýrdalshrepps endurnýjað 2022-2023

Aðalskipulag Mýrdalshrepps

Gildandi aðalskiplag Mýrdalshrepps er frá árinu 2013 og var sett fram fyrir tímabilið 2012 til 2028.

Í ársbyrjun 2023 er komið nýtt aðalskipulag sem á að gilda 2021 til 2033 og fer í kynningu.

[Gildandi aðalskipulag hjá Skipulagsstofnun 2012-2028](#)

[Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031, gefið út 2020 \(greinargerð\)](#)

[Skipulag 2021-2033 í kynningu, uppdráttur](#)

[Skipulag 2021-2033 í kynningu, greinargerð](#)



Mýrdalshreppur



Íbúafundur um aðalskipulag Mýrdalshrepps


22.08.2022

Miðvikudaginn **24. ágúst** næstkomandi verður haldinn opinn íbúafundur í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps. Á fundinum munu Margrét Ólafsdóttir og Kristín Una Sigurðardóttir kynna vinnslutillögu endurskoðaðs aðalskipulags Mýrdalshrepps.



Fundurinn verður haldinn í **Leikskálum í Vík** og hefst kl. 20 og eru allir áhugasamir hvattir til að mæta og taka þátt í mótun sveitarfélagsins til framtíðar.

Aðalskipulag 2021-2033 í kynningu, uppdráttur klippt út fyrir Fellsmörk



Helstu breytingar frá eldra skipulagi

- Fellsmörk er núna nánar skilgreind.
- Skógræktarsvæði eru nánar sett inn út frá skilgreindri frístundabyggð.
- Efnisnáma E8 er komin í Holtsá fyrir neðan brú yfir Holtsá.
- Efnisnáma E5 hefur færst til, var áður hinum megin við vegin en er núna komin niður fyrir brúna.
- Lambá hefur (ranglega) fengið nafnið Kambá.

Táknin

- Rauðir hringir (E): efnisnámur
- Bleikt (F): frístundabyggð
- Grænt SL: Skógrækt og landgræðslusvæði

Skjölín á vef sveitarfélagsins

- [Skipulag 2021-2033 í kynningu, uppdráttur](#)
- [Skipulag 2021-2033 í kynningu, greinargerð](#)

Athugasemdir við aðalskipulag mars 2023

Flokkun landbúnaðarlands í hreppnum

Miðað við þá flokkun sem var lögð til, var skógrækt ekki talin heppileg á stórum hluta Fellsmerkur. Gerð var athugasemd við það sérstaklega en einnig almennt vegna þess hvernig land var flokkað í aðalskipulaginu.

Efnisnámur

Aðallega var gerð athugasemd við námuna fyrir neðan brúna í Holtsá, sem veldur því að það grefst undan brúnni. Vegurinn þar hefur t.d. nokkrum sinnum farið í sundur núna síðasta vetur.

Skilgreind skógræktarsvæði

Þau náðu ekki fyllilega yfir það svæði sem hefur verið ræktað á og var gerð athugasemd við það.

Það var einnig skilgreint ræktunarland langt upp í kletta í Fellsfjalli, sem var bent á að væri óraunhæft.

Skilgreining frísundabyggðar

Sú skilgreining náði ekki að öllu leyti yfir þau svæði sem hafa verið skilgreind og mæld með GPS mælingum á Fellsmörk.

Örnefni

Áin austan Fellsmerkur var látin hafa nafnið Kambá en ekki Lambá eins og hún heitir.

Stjórn FLÁF skilaði athugasemdum til sveitarfélagsins vegna aðalskipulags.

Athugasemdir voru gerðar vegna nokkurra þátta sem er listað upp hér til hliðar.

Tekið var allgott tillit til athugasemdanna eins og kemur fram á næstu síðum.


Aðalskipulag: Athugasemd 1 vegna flokkunar landbúnaðarlands

Miðað við þá flokkun sem var lögð til, var skógrækt ekki talin heppileg á stórum hluta Fellsmerkur.

- Á skýringarmynd um flokkun landbúnaðarlands bls. 60 er sett fram sú flokkun á landi Fellsmerkur að landbúnaðarland ofan 100 m.y.s. er nær allt sett í flokk L2, en í L3 eru sett svæði sem eru aðallega hamrabelti og klettar. Ekkert svæði er þar í flokki L4. Þarna eru eingöngu hæðarlínur látnar ráða flokkun, en ekkert tillit tekið til halla, jarðvegs eða annars.
- Land Fellsmerkur ofan 100 m.y.s. er oftast nær ýmist brattar skriður og hlíðar þar sem halli er meiri en 17% og jarðvegur grunnur, eða hálfgrónar, brattar og skornar hæðir. Þar er því ekkert um gott ræktunarland. Samkvæmt lýsingu á flokkun landbúnaðarlands í greinargerð bls. 58 ætti þannig land að flokkast sem L4, og samkvæmt töflu 10 á bls. 59 um flokkun landbúnaðarlands myndi það falla í flokka L3 eða L4. Vegna hagsmuna Fellsmerkur er mikilvægt að þetta land sé flokkað á þann hátt að þar sé gert ráð fyrir skógrækt, sem er einkum land í flokkum L3 og L4.
- Hér með er farið fram á að flokkun landbúnaðarlands verði leiðrétt á skýringarmynd 19 (bls. 60) a.m.k. á svæði Fellsmerkur, þ.e. jörðunum Felli og Keldudal, þannig að ofan 100 m.y.s. á þeim jörðum taki við flokkur L3 eða L4, enda gefur landgerð, jarðvegur og halli þar ekki ástæðu til annars, samkvæmt skýringum á flokkum L1-L4 í greinargerð aðalskipulagsins.

Svar sveitarfélagsins:

Flokkun landbúnaðarlands er leiðrétt í samræmi við þessar athugasemdir og kort uppfært til samræmis. Hér er um að ræða fyrsta stig flokkunar á Landbúnaðarlandi í Mýrdalshreppi en sveitarfélagið ætlar að fara í breytingu á aðalskipulaginu að framhaldi af staðfestingu á þessu skipulagi þar sem vinna á nánari flokkun á landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu. Við gerð þess verða þessar athugasemdir hafðar í huga.



Það var sem sagt bruðist vel við þessu þannig að Fellsmerkur svæðið er haft hvítt eða óskilgreint.

Aðalskipulag: Athugasemd 2 vegna efnisnáma

Einkum var gerð athugasemd við námuna fyrir neðan brúna í Holtsá

- Gerð er athugasemd við staðsetningu efnisnámu E8 sem er rétt fyrir neðan brú á Holtsá. Efnistaka úr árfarvegi eykur rof mátt árinna þar fyrir ofan með því að lækka rofflöt árinna og setur brúna á Holtsá í hættu. Það hefur verið efnistaka þarna undanfarin ár og nokkrum sinnum hefur vegurinn lokast þar sem grafið hefur úr veginum við brúna. Gera má ráð fyrir að efnistakan fyrir neðan brúna eigi þar talsverðan hlut að máli. Staðan á brúnni núna er þannig að talsvert hefur grafið frá undirstöðum brúarinnar og áframahaldandi efnistaka þar myndi setja þessa brú í enn frekari hættu, sjá meðfylgjandi ljósmyndir. Ekki er vitað til þess að þetta vandamál hafi verið til staðar áður en þessi efnistaka hófst.
- Farið er fram á að efnistöku verði hætt neðan brúarinnar og aðalskipulag uppfært miðað við það.

Svar sveitarfélagsins:

Bætt er við skilmála við efnistökusvæði E8: Fylgst verði með efnistöku á þessum námum og öryggi mannvirkja verði tryggt.

Það var sem sagt ekki bruðist við þessari athugasemd með því að ákveða að hætta efnistöku þarna.

Varðandi þessa athugasemd og úrlausn hennar þá kallast þarna á alls kyns hagsmunir en við sem erum á Fellsmörk þurfum að treysta á það að veginum sé haldið opnum þangað inn.



Skemmdir á brúnni á Holtsá í nóvember 2018.



Brúin á Holtsá í febrúar 2023, efni grafið frá endum brúarinnar.

Aðalskipulag:

Athugasemd 3 vegna skilgreindra skógræktarsvæða

Gerð var athugasemd við það að skilgreind svæði máðu ekki fyllilega yfir það svæði sem hefur verið ræktað á. Það var skilgreint langt upp í kletta í Fellsfjalli.

Á svæði Fellsmerkur hefur á nokkrum svæðum verið stunduð skógrækt, sem er ekki merkt inn á skipulagsuppdráttinn, hvorki sem skilgreind skógrækt né á svæði skilgreindrar frístundabyggðar. Það eru einkum eftirfarandi svæði: o Svæði suðaustan við frístundabyggð F4 og sunnan við SL5.


- Svæði fyrir norðan frístundabyggð F6 og nær að efnisnámu E6.
- Svæði í kringum norðausturhluta frístundabyggðar F7.

Almennt ætti skógrækt á Fellsmerkursvæðinu ekki að vera bundin við lítil afmörkuð svæði heldur geta myndað stærri heild á komandi árum.

Viðbrögð sveitarfélagsins

- Brugðist var við athugasemdinni á þann hátt að svæði voru uppfærð.
- Áfram er samt gert ráð fyrir ræktun að hluta í klettum Fellsfjalls.

Uppfært á uppdrátti



Uppdráttur eftir breytingar



Uppdráttur fyrir breytingar

Breytingar í greinargerð

F4: Stærð stækkuð úr : 72 í 73,1 ha

F6: Stærð minnkuð úr 15,3 í 5,3 ha

F7: Stærð stækkuð úr: 39 í 41,2 ha

SL4: Stærð stækkuð úr 9,6 í 60,7

SL5: Stærð stækkuð úr 42 í 53,7 ha

Skilmálar: Skógrækt umhverfis

Frístundasvæði F6 og

afþreyingarsvæði AF22 í Fellsmörk.

SL6: Stærð úr 3,2 í 3,4 ha

Aðalskipulag:

Athugasemd 4 vegna skilgreindar frístundabyggðar

Skilgreind frístundabyggð náði ekki að öllu leyti yfir þau svæði sem hafa verið skilgreind og mæld með GPS mælingum

Skrá yfir fjölda húsa á Fellsmörk í greinargerð með aðalskipulagi er ekki rétt. Einhver hús hafa e.t.v. ekki verið skráð sem frístundahús en fjöldi húsa sem ættu að teljast frístundahús er 10 hús á svæði F4 og 7 hús á svæði F7.

Á nokkrum stöðum liggur hluti skilgreindra landa landnema á Fellsmörk fyrir utan merкта frístundabyggð, sjá meðfylgjandi kort. Það er á eftirtöldum stöðum:

- Neðst, austast og nyrst í frístundabyggð F4.
- Nyrst, vestast og austast í frístundabyggð F7.

Viðbrögð sveitarfélagsins

- Brugðist var við athugasemdinni á þann hátt að svæði voru uppfærð.

Afmörkun F4, F5, F6 og F7 er breytt í samræmi við uppdrátt sem Skóræktarfélag Reykjavíkur sendi. Skoða og samræmi skv. Uppdrætti.



Uppdráttur eftir breytingar



Uppdráttur fyrir breytingar

Breytingar í greinargerð

F4: Stærð stækkuð úr : 72 í 73,1 ha

F6: Stærð minnkuð úr 15,3 í 5,3 ha

F7: Stærð stækkuð úr: 39 í 41,2 ha

SL4: Stærð stækkuð úr 9,6 í 60,7

SL5: Stærð stækkuð úr 42 í 53,7 ha

Skilmálar: Skógrækt umhverfis

Frístundasvæði F6 og

afþreyingarsvæði AF22 í Fellsmörk.

SL6: Stærð úr 3,2 í 3,4 ha

Aðalskipulag: Athugasemd 5 vegna örnefna

Athugasemd er gerð við eitt örnefni.

- Á skipulagsupprætti til kynningar er áin austan Fellsmerkur nefnd Kambá en rétt nafn er Lambá.

Hér til hliðar má sjá foss í Lambá, sem er erfitt ef ekki ómögulegt að komast að gangandi en myndin er tekin með dróna.

Svar sveitarfélagsins:

- Leiðrétt á upprætti.



Deiliskipulag Fellsmerkur

Í vinnslu hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur 2022-2023

Deiliskipulag Fellsmerkur



Formlegt deiliskipulag hefur aldrei verið unnirð fyrir Fellsmörk en svæðið var upphaflega í kringum 1990 skipulagt með því að lönd eða spildur landnema voru teiknuð inn á loftmynd.

Þetta var frekar ógreinileg framsetning en var verulega bætt úr á árunum 2007 til 2008 þegar Félag landnema stóð fyrir því að fá fagaðila til að mæla löndin með GPS tækjum. Það skipulag hefur legið til grundvallar síðan.

Núna stendur hins vegar yfir formleg vinna við gerð deiliskipulags að frumkvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur og hefur verkfræðistofan VSÓ komið að þeirri vinnu.


Félag landnema á Fellsmörk kom inn í deiliskipulagsvinnuna snemma á árinu 2022 með almennum samráðsfundum, samráði við stjórn FLÁF og fyrstu drög að deiliskipulagi voru kynnt á aðalfundi Fellsmerkur í maí 2022.

Ofan í vinnu við deiliskipulag kom endurnýjun aðalskipulags Mýrdalshrepps sem var í kynningarferli veturinn 2022-2023 og gert ráð fyrir að ljúki fljótlega um mitt ár 2023.

Félag landnema hefur sent Skógræktarfélaginu athugasemdir vegna deiliskipulagsins og skipulagið hefur þróast talsvert frá vori 2022. Hér er reynt að setja fram yfirlit yfir hvernig deiliskipulagið snýr að landnemunum.

Framhaldið er síðan það að gert er ráð fyrir að þegar aðalskipulag hafi sé frágengið, muni Skógræktarfélag Reykjavíkur ganga frá Deiliskipulaginu til sveitarfélagsins. Það verður væntanlega um sumar eða haust 2023.

Deiliskipulag Fellsmerkur, maí 2022



Fyrsta tillaga maí 2022, kynnt á aðalfundi Fellsmerkur


Deiliskipulag Fellsmerkur, júní 2022

Tillaga að deiliskipulagi, júní 2022

Einar Ragnar Sigurðsson: Umfjöllun um skipulagsmál Fellsmerkur á aðafundi félagsins

Tillaga að deiliskipulagi, júní 2022

Deiliskipulag Fellsmerkur, mars 2023




Skilað inn af hálfu SR með umsögn aðalskipulags mars 2023

Fjölnotasvæði við Fell

Deiliskipulagstillaga, maí 2022

Sameiginleg svæði og svæði til almennra nota: Tekið er frá fjölnotasvæði sem getur nýst til ýmissa sameiginlegra nota, t.d. sem leiksvæði, tjaldsvæði og matjurtaræktunar.


Fjölnotasvæði austan Fellsfjalls, útfærsla í tillögu SR vor 2022



Útfærsla fjölnotasvæðisins, maí 2022

Upphaflega var lagt til að hafa svæðið fyrir neðan núverandi bæjarstæði Fells en í endurskoðaðri tillögu maí 2022 hefur það verið fært inn að hlöðunni. Er beggja vegna vegarins þar.

Upphaflega tillagan:




Á næðstu síðum er reifuð sú hugmynd að hafa svæðið innar, þannig að það sé t.d. ekki ofan í spildum landnema í Fellinu (Dalbraut).

Úr DSK tillögu:

Sameiginleg svæði og svæði til almennra nota: Tekið er frá fjölnotasvæði sem getur nýst til ýmissa sameiginlegra nota, t.d. sem leiksvæði, tjaldsvæði og matjurtaræktunar.

Fyrir framan Fell




Á þessu svæði er mikið sléttlendi. Innri hluti þess eru þurrkaðar mýrar en framur eru grónar áreyrar á vatnasviði Klifandi.

Fyrsta deiliskipulagstillaga gerði ráð fyrir fjölnotasvæði stórum hluta þessa sléttlendis en dregið hefur verið úr því.


Frumtillaga 19.5.2022:



Endurskoðuð tillaga 24.5.2022:



Fjölnotasvæði austan Fellsfjalls, hugmynd að annarri útfærslu



Myndin sýnir svæðið austan Fells meðal annars fyrir innan hlöðuna.

Gula línan sýnir mörk Fellsmerkur og jarðarinnar Holts.


Ræktaðar spildur fyrir innan hlöðuna eru ekki lengur í útleigu en ein spilda handan hlöðunnar er í útleigu.

Við útfærslu fjölnotasvæðis þarf að taka tillit til landnema þar þannig að t.d. tjaldstæði verði ekki ofan í þeirri spildu.

Flatlendi er þarna talsvert og innri hluti þess er á föstu malarundirlagi og myndi því þola bílaumferð án sérstakra ráðstafana.

Flatlendi sunnar er í þurrkuðu mýrlendi og þolir síður þunga umferð en gæti hentað til almennrar ræktunar.

Fjölnotasvæði austan Fellsfjalls, hugmynd að annarri útfærslu




Á þessu svæði inn með Felli við Holtsá er mikið sléttlendi sem væri auðvelt að nýta á margvíslegan hátt.

Þunnt gróðurlag á áreyrum og þolir líklega vel þunga bíla.

Endurskoðuð tillaga 24.5.2022



Fjölnotasvæði austan Fellsfjalls, hugmynd að annarri útfærslu




Hér er varpað fram þeirri hugmynd að betur færi á því að almennt fjölnotasvæði yrði sett fyrir innan hlöðuna undir Fellsfjalli og miðast það við að hlaðan yrði nýtt í tengslum við það.

Með því að hafa slíkt svæði á þessum stað yrði það nokkuð vel aðskilið frá úthlutuðum spildum landnema. Jafnframt yrði það á þokkalega skjólsælum stað í námunda við falleg gil, við upphaf einnar einnar af ágætum uppgönguleiðum á Fellsfjall og gönguleið að Háafossi.

Gert er ráð fyrir að fjölnotasvæði yrði nýtt á margvíslegan hátt, t.d. sem tjaldsvæði með salernum, húsbílastæði, almennt bílastæði, þjónustumiðstöð eða annað sem hugmyndir eru um að hafa innan sameiginlegs fjölnotasvæðis.

Auk fjölnotasvæðisins þyrfti að setja niður skilgreind bílastæði á sitt hvorum meginhlutum Fellsmerkur. Fyrir vesturhluta Fellsmerkur er mælt með bílastæði milli gámasvæðis og varnargarðs sunnan Fells sem yrði nokkuð stórt og einnig minna bílastæði niðri á aurnum milli hólman Einbúa og upphafs Heiðarbrautar. Fyrir austurhluta Fellsmerkur er mælt með litlu bílastæði við girðingu á aurnum sunnan innkeyrslu að Hlíðarbraut í Króki/Keldudal.

Deiliskipulag Fellsmerkur, mars 2023



Ef miðað er við skipulagsuppdráttinn sem fylgdi með athugasemdum SR vegna aðalskipulagsins í mars 2023, þá er fjölnotasvæðið komið inn við þurragil og er það í samræmi við þær hugmyndir FLÁF sem koma fram hér að framan.

Ath. samt að svæðið ætti ekki að vera kennt við Brókargil því það er innar. Svæðið er fyrir innan þurragil og við Selgil.

Skilað inn með umsögn aðalskipulags mars 2023

Bílastæði

Gott pláss er fyrir bílastæði fyrir sunnan Fellsfjall. Ef stórir hópar myndu sækja svæðið á einkabílum mætti gera ráð fyrir að þeir myndu leggja þar.

Minni bílastæði gætu verið nær spildum landnema og skógræktarsvæðum sitt hvorum megin.

Ef það á að skilgreina bílastæði fyrir almenning þá gæti það verið á þessum svæðum.

Bílastæði fyrir sunnan Fellsfjall



Við Einbúa



Við Hlíðarbraut og Krók




Skógræktarsvæði ofan landnemaspildna á vesturhluta

Ofan skipulagðra landa til útleigu er tillaga um að hafa skilgreint skógræktarsvæði sem nær nokkuð hátt upp.

Hér er fjallað um þu svæði.

Skógrækt ofan vestursvæðis



Innan Hólsbrautar:

- Er í miklum bratta eiginlega allt, erfitt að komast að þessu svæði og á flestan hátt erfitt. Þ.e. austasti hluti þessarar skógræktar er ekki heppilegur.

Ofan Gilbrautar

- Neðsti hlutinn mjög álitlegur: Aðgengi ágætt eða hægt að laga á einfaldan hátt með að framlengja vegarslóða. Líklega ágætur jarðvegur og ekki bratt.
- Ofar í þessu svæði er komið í meiri bratta og líklega kletta að einhverju leyti.


Ofan Hleiðarbrautar

- Sambærilegt við það sem er ofar gilbrautar en þó verður bratti mun meiri þar á efrihlutanum og um helmingur þess svæðis sem er gert ráð fyrir ofan Hleiðarbrautar mjög hæginn til að vera tekinn til skógræktar.

Ofan Gilbrautar – skilgreint skógræktarsvæði



Þessi svæði ofan brauta ná talsvert upp í brattlendi og kletta og sá hluti þeirra líklega óraunhæfur til ræktunar. Neðst í þeim er hins vegar flatlendi sem hentar væntanæga ágætlega.




Skilgreind skógrækt ofan Gilbrautar



Skilgreind skógrækt verður væntanlega nokkurn veginn fyrir ofan jeppann á myndinni ef miðað er við þær tillögur sem hafa verið gerðar.

Á myndinni má sjá birkitré gróðursett á landnemaspildu efst í gilbraut en þar á móti er gert ráð fyrir nýjum spildum.



Skógræktarsvæði ofan gilja á Keldudalsheiði á austurhluta Fellsmerkur og ofan frístundabyggðar á vestursvæði

Úr athugasemd stjórnar Félags landnema á Fellsmörk:

Á austurhluta Fellsmerkur eru tilgreind skógræktarsvæði að mestu innarlega í bröttum giljum og ofan þeirra á gróðurlausum kollum og ásum þar á milli þar sem jarðvegur er að hluta til rýr eða jafnvel enginn. Brattir hlutar Fellsmerkur eru oft móbergsklettar eða jarðvegslaugar grjótskriður, ekki vænlegar til gróðursetningar.

Heppilegri skógræktarsvæði, út frá spildum landnema þannig að heild skapist, eru hins vegar utan skilgreindra skógræktarsvæða

Keldudalsheiði



Tillaga að skógræktarsvæði byrjar í miðjum giljum á þessu svæði og nær upp á heiðar þar fyrir ofan.

Í giljunum eru víðast klettur og snarbrattar jarðvegslitlar skriður, ekki vænlegar til gróðursetningar.

Lítill gróður og slæmur jarðvegur er á þessum heiðum.

Svæðið er mjög óaðgengilegt til ræktunar og sett er spurningarmerki við hvort leggja eigi vegi þar upp til gróðursetningar.

Spildir landnema í Keldudal, Hlíðarbraut og Króki eru ekki á neinn hátt samhangandi við þau skógræktarsvæði sem eru lögð til.

Þessar tillögur um skógræktarsvæði ofan núverandi svæða á austurhluta Fellsmerkur eru hér ekki talin nógu vel raunhæf eins og var sett fram í fyrstu tillögu að deiliskipulagi.

Keldudalsheiði


Skógræktarsvæðið er sett ofan gulu línunnar upp að hvítu línunni svona hér um bil.

Þó má koma fram að hægri hlið gilsins vinstra megin á myndinni er tekið út fyrir svæðið.

Betur færi a.m.k. á því að skilgreina skógrækt út frá landnemaspildum þannig að samstæð heild myndi skapast.

Spildur landnema ná upp að rauðu línunni.

Almennt er allt þetta svæði væntalega erfitt til skógræktar.




Skógræktarsvæði á Keldudalsheiði, ofan Króks og Hlíðabrautar

Skilgreint skógræktarsvæði austast á Fellsmörkl eins og það var sett fram í tillögu að deiliskipulagi á árinu 2022 nær nokkuð hátt upp, upp fyrir Fjallgil og fossum sem þar eru.

Myndin hér til hliðar er af fossum í Fjallgili.

Það má reyndar telja ólíklegt að nokkurn tímann verði skógrækt á þessu svæði þó það fari með inn í skilgreind skógræktarsvæði.



Ofan Álftagrófar




Skógræktarsvæðið ofan Álftagrófar. Takmarkast mest af aðliggjandi jörðum: Álftagróf og Holti.


Fremri línan sem afmarkar landið er nokkuð nákvæm en sú innri ónákvæmari.

E.t.v. er þetta hugsað eins og það er sett fram til að skógræktin þarna ofan brautanna sé samfelld heild – þ.e. lína miðuð við það sem er í þessum vesturhluta út frá því sem er ofan Álftagrófar.

Þetta svæði fyrir ofan Álftagróf er í sjálfu sér ágætt til skógræktar.




Deiliskipulag Fellsmerkur, mars 2023



Ef miðað er við skipulagsuppráttinn sem fylgdi með athugasemdum SR vegna aðalskipulagsins, þá er búið að færa skógrækt niður að löndum í Hlíðarbraut og það er til bóta. Áfram er samt skilgreind sklógrækt út frá hæðarlínunum um snarbrött gil fyrir innan Krók og á svæðum fossa sem skógrækt yrði í besta falli umdeilanleg.

Skilað inn með umsögn aðalskipulags mars 2023

Deiliskipulag Fellsmerkur, mars 2023



Skilað inn með umsögn aðalskipulags mars 2023


Nýjar spildur fyrir lanendma innst í Hlíðarbraut

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum landnemaspildum innst í Hlíðarbraut.

Ef miðað er við fyrstu skoðun sumarið 2022 þá eru þessar spildur mjög neðarlega í landinu og ná ofan í læk.

Hugsanlega er einhver kerfisskekkja í þeirri athugun sem var gerð og er þetta með fyrirvara um það.

Ný lönd í Hlíðarbraut



Nýjar spildur eru settar lágt í landið. Maður í appelsínugulri peysu nálægt efri hornpunkti innri spildunnar sem á að bætast við og það er í miðju svæði sem væri heppilegt að gróðursetja í. Spildan er einnig látin ná ofan í og jafnvel yfir lækinn, um land sem er ekki gott að nýta. Ath. samt að þegar þetta var skoðað var staðsetning nýju landanna einungis færð á GPS hnit af loftmynd og því gæti einhver skekkja verið til staðar. Staðsetning þess appelsínugula er: N63.48948° W19.16159°

Hafa þarf í huga að þau GPS hnit sem eru á eldri löndum voru unnin á þann hátt að landnemar sem til þekktu settu hæla sem voru svo mældir af landmælingamanni sem Félag landnema fékk til þess verks árið 2008. Upphaflegt skipulag Fellsmerkur frá 1990 var sett inn á loftmynd án mælinga og reyndist ekki vera fullnægjandi þegar til átti að taka.






Efri punktur
innri spildu

Ný lönd í Hlíðarbraut

Athuga má einnig hér að skilgreind almenn skógræktarlönd eru að mestu innan við þann gróður sem hér sést, í hrjóstugum giljum og ekki tengd við skógræktarspildur landnema.





Neðarlega á
vestari hlið vestari
spildunnar.

Mái 2023


Einar Ragnar Sigurðsson: Umfjöllun um skipulagsmál Fellsmerkur á aðafundi félagsins

Ný lönd í Hlíðarbraut

Eins og sjá má eru þessar nýju spildur að miklu leyti plantaðar núþegar.


Sá í appelsínugulu peysunni er við litla tóft sem þarna er.

Ath. sérstaklega að svæðið sem er þarna í kring er ekki hugsað sem skógræktarsvæði.



Nýjar spildur landnema vestan Fells, efst í núverandi brautum

Lagt hefur verið til að bæta við spildum innst (efst) í öllum brautum vestan Fells.



Hugmyndin á deiliskipulagi vor 2022 var að bæta við löndum innst í öllum brautum á vesturhluta Fellsmerkur


Efst í Hólsbraut - ný lönd innst í brautinni



Lagt var til að bæta við þremur spildum efst í Hólsbraut.

Þær hafa þann annmarka að þangað verður líklega mjög erfitt eða kostnaðarsamt að leggja akfæran vegarslóða. Flatlendi á þeim spildum utan mýra, er nær ekkert og því ekki augljóst hvar heppilegt væri að byggja á þeim spildum.

Gula línan er á að giska þar sem efsta landið endar.




Hólsbraut - ný lönd innst í brautinni



Þó það sé ekki í beinum tengslum við deiliskipulag þá er hér bent á að akfær vegur hefur í raun aldrei verið lagður upp Hólsbrautina. Hér sést hvar ekið hefur verið ógreinilega slóð frá Hólsbraut 3.

Á jörðu niðri er mjög erfitt að átta sig á hvar á að halda áfram frá Hólsbraut 3.



Vegalagning að nýjum löndum innst í Hólsbraut




Til að gera veg að nýjum löndum væri e.t.v. Skynsamlegast að leggja slóð af Gilbrautinni.

Það væri samt ekki góð lausn. Talsverð fyrirhöfn og myndi rýra gæði lóðanna innarlega í Gilbraut og ekki hægt að segja að það kæmi vel út á nokkurn hátt.

Á flestan hátt telur stjórn landnema það vera vonda hugmynd að bæta við löndum innst í Hólsbraut.

Neðst í Gilbraut – ónotað land – væri e.t.v. hægt að gera 1-2 ný lönd þar



Neðst í Gilbraut er svæði sem hefur ekki verið skilgreint sem landnemaspilda.

Hugsanlega hefur þetta svæði verið talið of blautt en það er ekki að sjá.

Skoða þarf samt sérstaklega að þetta svæði er nálægt Gamla-Felli og ætti þess vegna ekki að vera útlutað til lanendma.




Ný lönd efst í Gilbraut



Gular línur afmarka nokkurn veginn hvar ný lönd ættu að vera. Það er talsverð lúpína þarna en ekki neitt plantað að ráði.


Ekkert sérsakt sem mælir á móti því að bæta löndum þarna við fyrir utan að þetta er ofarlega og skógrækt því væntanlega erfiðari. Það er líklega ásæðan fyrir að lönd þarna eru ekki setin nema að hluta.




Efst í Heiðarbraut



Helsti gallinn við að bæta við löndum þarna er að þetta er orðið frekar hátt í landinu og hús þar gætu t.d. orðið mjög áberandi



Deiliskipulag Fellsmerkur, mars 2023




Ef miðað er við skipulagsuppdráttinn sem fylgdi með athugasemdum SR vegna aðalskipulagsins, þá er búið að draga til baka löndin innst í Hólsbraut en í staðinn bæta við einu landi neðst í sömu braut og tveimur neðst í Gilbraut.

Uppdráttur sem SR skilaði inn með umsögn aðalskipulags mars 2023


Samantekt

Deiliskipulag Fellsmerkur, maí 2022




Fyrsta tillaga maí 2022, kynnt á aðalfundi Fellsmerkur

Deiliskipulag Fellsmerkur, júní 2022



Tillaga að deiliskipulagi, júní 2022

Deiliskipulag Fellsmerkur, mars 2023



Skilað inn af hálfu SR með umsögn aðalskipulags mars 2023

Samantekt - hugleiðingar

Almennt þá er það spurningin hvað á að koma fram í deiliskipulagi og til hvers það er gert. Hvaða markmið á að fá fram með því að gera deiliskipulag og þá ræður það því hvað þarf að koma fram í deiliskipulaginu.

Að skilgreina skógrækt á svæðinu ?

- Sú skógrækt sem núna er stunduð á Fellsmörk, er hún deiliskipulagsskyld eða háð framkvæmdaleyfi?
- Er ætlunin að fara að stunda eitthvað allt öðru vísi skógrækt?
- Væri ekki snjallast að láta skilgreiningu á hvar skógur verði ræktaður vera almenna en ekki tilgreina svæði sérstakleg. Vísa í skógræktaráætlun og á hvers konar landi á svæðinu verði stunduð skógrækt.

Skógrækt er getur veruð mjög misjöfn:

- Skógrækt landnema sem er gerð í sjálfböðavinnu, hópur fólks sem kemur yfirleitt einn dag á ári og plantar. spurningamerki er sett við hvort slík skógrækt þurfi að vera sérstaklega skilgreind á deiliskipulagi.
- Skógrækt með tækjum og vegalagningu ásamt jarðraski sem því tengist. Ætti væntanlega að vera í samræmi við deiliskipulag og skilgreind þar nánar. Þarf e.t.v. framkvæmdaleyfi.

Lóðir landnema og skilmálar vegna bygginga

- Það þarf væntanleg að hafa skilgreint í deiliskipulaginu hvar lóðir eru og með hnitsetningum.
- Skilmálar um hvað má byggja, hversu stórt o.s.frv.
- Þetta er í raun það eina sem augljóslega verður að vera í deiliskipulaginu.

Fjölnotasvæði

Það mætti skilgreina nánar hvað á að gera á þessu svæði ef það á yfir höfuð að vera þarna inni.

- Fjölnotasvæði fyrir hvern?
 - Landnema ?
 - Aðra félaga Skógræktarfélagsins ?
 - Aðra ótengari ?
- Tjaldstæði
- Þjónstumiðstöð
- Bílastæði
- Matjurtaræktun: Hver á að rækta?

Í þeim deiliskipulagstillögum fyrir Fellsmörk sem hafa verið skoðaðar er þetta fjölnotasvæði lítið skilgreint og spyrja má sig hvort það sé rétt að hafa slíkt svæði þar inni.